



Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Lindargötu
101 Reykjavík

Sent á Samráðsgátt

Reykjavík, 17. júlí 2024

Efni: Umsögn um drög að reglugerð um breytingu á reglugerð um vörslu og tollmeðferð vöru, mál nr. S-122/2024.

Þann 19. júní sl. birti fjármála- og efnahagsráðuneytið í samráðsgátt stjórnvalda drög að reglugerð um breytingu á reglugerð um vörslu og tollmeðferð vöru og óskaði eftir umsögn um innihald hennar. Umsagnarfrestur var veittur til 17. júlí 2024.

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „**samtökin**“) og Samtök fyrirtækja í landbúnaði (hér eftir „**SAFL**“ eða „**samtökin**“) hafa tekið umrædd drög að reglugerð til skoðunar og verður hér gerð grein fyrir sjónarmiðum samtakanna.

Samtökin telja að um heillvænlegt skref sé að ræða í upplýsingaöflun þegar kemur að tollafgreiðslu á vörum, sér í lagi dýraafurðum. Því styðja þau framgang málsins. Núverandi fyrirkomulag, þar sem aðeins er tilgreindur yfirtollflokkur viðkomandi vöru í farmskrá getur leitt til misræmis við tollafgreiðslu og þ.a.l. í gögnum að baki hagtölum. Þá hefur það leitt til tafa og tjóns við tollafgreiðslu sökum krafna um matvælaeftirlit og öryggi matvæla, líkt og fram kemur í gögnum málsins.

Breytingin sem reglugerðardrögin fela í sér leysir hins vegar ekki þann vanda sem hefur verið viðloðinn innflutning á landbúnaðarafurðum frá Evrópusambandinu (ESB) til Íslands og felst í misræmi gagna um innflutning afurða til Íslands og útflutning frá ESB, en þar er við samspil mismunandi þátta að sakast. Hins vegar virðist breytingin að einhverju leyti vera í takt við þær tillögur til úrbóta sem taldar voru upp í skýrslu starfshóps fjármála- og efnahagsráðuneytisins um misræmi milli magns í útflutningstölum úr gagnagrunni ESB og innflutningstölum Íslands.¹ Í gögnum málsins á samráðsgátt kemur fram að gerðar hafi verið breytingar á tölvukerfum Skattsins sem einfalda eigi skráningu og söfnun upplýsinga. Þá leynast eflaust í breytingunum tækifæri til að nýta þær upplýsingar sem fram koma í farmskrám til að standa betur að gagnaöflun um umflutning til Íslands með það að markmiði að sporna við tölulegu misræmi. Þó þýðing þess sé ekki gjaldalegs eðlis, líkt og fram kemur í greiningu starfshóps fjármála- og efnahagsráðuneytisins, skipta hagtölur um inn- og útflutning sem og innlenda framleiðslu matvælaíðnaðar hér á landi miklu og grundvallaratriði að þær tölur sem liggja fyrir séu réttar og þeim sé hægt að treysta.

¹ Innflutningur landbúnaðarvara frá Evrópusambandinu til Íslands: Greining á misræmi milli gagna Evrópusambandsins og Íslands. *Fjármála- og efnahagsráðuneytið*, 2023. <https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Innflutningur%20landb%C3%BAa%C3%B0arvara%20fr%C3%A1%20Evr%C3%B3pusambandinu%20til%20%C3%8Dslands.pdf>



Að því sögðu telja samtökin þó ljóst að breyting sem þessi og auknar kröfur um upplýsingagjöf geti leitt til aukins kostnaðar hjá atvinnurekendum sem breytingarnar snerta. Samtökin vilja því brýna fyrir ráðuneytinu að vinna málið í samráði og virku samstarfi við þá aðila atvinnulífsins sem breytingin kemur harðast við.

f.h. Samtaka iðnaðarins

A handwritten signature in black ink, reading 'Sigurður Helgi Birgisson', written over a horizontal blue line.

Sigurður Helgi Birgisson
viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði SI

f.h. Samtaka fyrirtækja í landbúnaði

A handwritten signature in black ink, reading 'Margrét Gísladóttir', written over a horizontal blue line.

Margrét Gísladóttir
framkvæmdastjóri SAFL